

Ársskýrsla

Bókasafns Dalvíkurbyggðar

2014



Dalvík 2014

Inngangur

Bókasafn Dalvíkurbyggðar er rekið af Dalvíkurbyggð samkvæmt lögum um bókasöfn 2012. Markmið safnsins er að vera íbúum sveitarfélagsins og gestum þess miðstöð upplýsinga, menntunar og afþreyingar. Safninu er stjórnað af menningarráði sem í eiga sæti Kristján Hjartarson, Guðmundur Ólafsson og Heiða Hilmarsdóttir. Menningar- og fræðslufulltrúi er Hildur Ösp Gylfadóttir.

Bókasafnið er í menningarhúsinu Bergi v/Goðabraut og deilir þar rými með kaffihúsi sem menningarfélagið Berg leigir út til einkaaðila. Árið 2014 var það rekið af Júlíusi Júlíussyni og Grétu Arngrímsdóttur undir nafninu Þula-café

Húsnæði og húsbúnaður

Húsnæði bókasafnsins í Bergi skiptist í útlánasal og afgreiðslu á jarðhæð, skrifstofa og kaffistofa starfsfólks á efri hæð, geymslur í kjallaragangi og herbergjum inn af skjalasafni. Hluti bókasafnsins er enn fremur varðveittur á skjalasafninu þ.e. ættfræði og byggðasagan. Á efri hæð Bergs er skrifstofa sem er sameiginleg fyrir framkvæmdastjóra Bergs og forstöðumann bóka- og skjalasafns. Þar er auk þess sameiginleg kaffistofa, fundarherbergi og salerni. Litlar breytingar urðu á húsnæðismálum, sýningarskápur sem áður var staðsettur í anddyri Bergs var fluttur inn í útlánasalinn. Sófi var keyptur í barnahornið í árslok sem bætti aðstöðu fyrir sögustundir og heimsóknir skólabarna til muna.



Starfsmannamál

Nokkrar breytingar urðu á starfshlutfalli starfsmanna safnsins. Laufey Eiríksdóttir forstöðumaður fór í 50% starfshlutfall og var einnig í 50% starfi á skjalasafninu. Rósa Þorgilsdóttir skipti sér einnig á milli skjala- og bókasafns og var í 25% starfi á hvoru safni. Jolanta Piotrovska var í 50% starfi. Samtals voru fastráðnir starfsmenn 3 í samtals 1,25 % starfi.

Kristrún Ásta Arnfinnsdóttir kom inn sem sumarafleysingastarfsmaður í 100% starf í 2 og ½ mánuð frá 18. júní og út ágúst. Í samstarfi við Upplýsingamiðstöð Dalvíkurbyggðar kom starfsmaður hennar Valgerður Stefánsdóttir að afleysingum og vöktum á bókasafninu þann tíma sem upplýsingamiðstöðin var opin. Þannig var mögulegt að hafa laugardagsopnun allt sumarið líka í fyrsta sinn. Ingibjörg Hjartardóttir sinnti afleysingum þess utan, sérstaklega á haustönn. Hún hefur einnig tekið að sér það sérverkefni að greinisskrá Norðurslóð frá upphafi útgáfu hennar. Er nú leitað leiða til að fjármagna þann þátt.

Laufey sótti landsfund Upplýsingar þann 2. – 3. október og var þar ráðstefnustjóri. Einnig sótti hún upplýsingafund skrásetjara 27. nóvember í Þjóðarbókhöðunni. Starfsmenn sátu kynningarfund um jafnréttismál hjá starfsmönnum bæjarins í desember.

Starfsemin á árinu

Opnunartími safnsins er frá kl. 10 - 17 alla virka daga og frá 13 – 16 á laugardögum.

Breyting var á laugardagsopnuninni frá júníbyrjun og fluttist fram um eina klst. Það virðist fljótt á litið vera betra, en almennt má segja að almenningur nýtir ekki nógu vel að opið er á laugardögum.

Heimsóknir skólabarna frá leik- og grunnskólum eru orðnar fastir liðir í morgunstarfi safnsins. Á vorönn voru það nemendur Krílakots sem mættu reglulega á mánudögum en á haustönn fóru nemendur Kátakots einnig að mæta á mánudags- og þriðjudögum. Á þann hátt var gert ráð fyrir að öll leikskólabörn á Dalvík 3ja ára og eldri kæmu í heimsókn a.m.k. 3-4 sinnum á ári. Erfið færð og veður auk forfalla starfsfólks á leikskólunum kom þó í veg fyrir að það gengi upp. Heimsóknir leikskólabarna voru eins og sést í töflu hér fyrir neðan.

Krílakot elsti hópur	Kátakot yngri hópur	Kátakot eldri hópur
23 heimsóknir	8 heimsóknir	3

Leikskólanemendur hafa því sótt bókasafnið heim alls 34 sinnum á árinu. Það má glögg sjá árangur af þessu starfi þegar þessir sömu nemendur draga foreldra sína með sér til að kynna fyrir þeim bókasafnið.

Ársskýrsla Bókasafns Dalvíkurbyggðar



Nemendur Krílakots klæða sig í útifötin í lok heimsóknar á bókasafnið



Nemendur 7. bekkjar í kennsluáðstöðunni á skjalasafninu

Dalvíkurskóli hefur haft þann valkost að senda nemendur á fimmtudagsmorgnum. Skólinn nýtti sér ekki tímana á vorönn en 10. bekkur var boðaður sérstaklega í byrjun maí til að kynna fyrir þeim þjónustu almenningsbókasafna fyrir framhaldskólanemendur og í leiðinni var þeim afhent nýtt skírteini sem þau geta notað í hvaða Gagnissafni sem er.

Á haustönn var samið um að nemendur úr 5. – 7. bekk kæmu þjálfun í upplýsingaleit, hver nemandi þrisvar sinnum. 7. bekkur kom í sept – okt og 6. bekkur í nóvember – desember. Bókasafnið nýtur góðs af þessu samstarfi þar sem með þessu móti fáum við tækifæri til að kynna starfið og safnkostinn, auk þess sem við kynnumst nýjum lánþegum. Alls voru 14 fimmtudagar nýtti fyrir skólann á árinu auk óformlegra heimsókna einstakra hópa með kennurum eða stuðningsfulltrúum.

Tölvukennsla var í boði fyrir einstaklinga og fór hún fram á þriðjudagsmorgnum í húsnæði skjalasafnsins. Þrjú einstaklingar nýttu sér þá aðstoð.

Ársskýrsla Bókasafns Dalvíkurbyggðar

Hádegisfyrirlestrar sem haldnir eru einu sinni í mánuði yfir vetrarmánuðina hafa sannað gildi sitt og tilverurétt. Þeir eru haldnir fyrsta fimmtudag hvers mánaðar og eru mismunandi vel sóttir en algengast er að 15 – 40 manns mæti. Fyrirlestrarnir voru sem hér segir:

- 6. febrúar – Ingimar Jónsson - *Þátttaka Íslendinga í vetrarleikunum 1948*
- 6. mars - Laufey Eiríksdóttir – *Kennsla og kynning á leitarvefnum Leitir.is, samskrá bókasafna, timarit.is o.fl*
- 10. apríl - Kristján Hjartarson, Lovísa María Sigurgeirsdóttir, Kristján Guðmundsson og Jóhann Antonsson - *Leikfélag Dalvíkur 70 ára. Saga leikfélagsins rifjuð upp og sýndar myndir úr starfi félagsins sem myndahópur skjalasafnsinshefur unnið.*
- 9. október - Erla Björg Guðmundsdóttir, Helgi Þorbjörn Svavarsson og Heimir Haraldsson ráðgjafar hjá SÍMEY - *Að læra allt lífið :af hverju þurfum við alltaf að vera að læra?*
- 6. nóvember – Óliver Hilmarsson – *Á brimbretti við Íslandsstrendur. Kynning á brimbrettaþróttinni.*
- 4. desember – Myndahópur skjalasafnsins sýnir – *Myndasýningin Á sjó og í landi. Ljósmyndir af fiskveiðum og fiskvinnslu í Dalvíkurbyggð.*



Bókmenntakynningar - Rithöfundakynning sem áformuð var í desember féll niður vegna ófærðar. Þar höfðu boðað komu sína Orri Harðarson, Svavar A. Jónsson og Ingibjörg Hjartardóttir.

Þann 27. nóvember hélt Dagbjört Ásgeirsdóttir útgáfuteiti vegna nýrrar bókar sinnar um Gumma. *Gummi í fjallgöngu*. Dagbjört las úr bókinni fyrir fjölda barna.

Lovísa María Sigurgeirsdóttir hélt einnig útgáfuteiti 6. des. og las upp úr nýrri bók sinni *Þegar Mía kom í heiminn*. Myndskreytt ljóðabók fyrir börn.

Ársskýrsla Bókasafns Dalvíkurbyggðar



Lovísa María ásamt Möndu Maríu (Míu)



Andrea Ragúels með börnum í sögustund

Sögustundir fyrir börn – Sögustundir voru haldnar á hverjum fimmtudegi jan – apríl og sept – des. Þar var til skiptis lesið á pólsku og íslensku. Pólskar sögustundir voru 10 talsins og þeir sem sáu um þær voru Jolanta Piotrowska, Jolanta Brandt, Kamila Piotrowska og Sylwia Kulesza.

Sögustundir á íslensku voru 13 og að þeim komu sjálboðaliðarnir Þuríður Sigurðardóttir, Dagbjört Ásgeirsdóttir, Andrea Ragúels, Elísa Ingvarsdóttir, Áslaug Reynisdóttir, Guðný Ólafsdóttir, Fanney Edda Felixdóttir og Klemens Gunnarsson. Ákveðið var að gera hlé á sögustundum frá áramótum.

Stuðningur við móðurmál. Bókasafnið fékk 250.000 kr. styrk frá þróunarsjóði innflytjenda sem innanríkisráðuneytið heldur utan um. Styrkurinn var nýttur til að styrkja móðurmálsnám pólskra grunnskólanemenda. Jolanta Piotrowska sá um þann stuðning með því að halda samverustundir tvisvar í viku samtals 20 klst. Þar var fjallað um pólska sögu og menningu. Rætt um pólska tungu og að sjálfsögðu fór allt fram á pólsku. 14 nemendur nýttu sér þennan stuðning.



Klemens Gunnarsson að lesa fyrir börn

Besta barnabókin 2013. Í góðu samstarfi við Dalvíkurskóla völdu 126 börn á aldrinum 6 – 12 ára bestu barnabókina frá árinu 2013

Af íslensku bókunum fengu eftirtaldar flest atkvæðin:

1. sæti - *Rangstæður í Reykjavík* eftir Gunnar Helgason
2. sæti - *Strokubörnin á Skuggaskeri* eftir Sigrúnu Eldjárn
3. sæti - *Stuðbók Sveppa* – eftir Sverri Þór Sværissón

Af þýddum bókum voru efstar:

1. sæti – *Dagbók Kidda klaufa – tómmt vesen* eftir Jeff Kinney.
2. sæti – *Amma glæpon* – eftir David Walliams.
3. Sæti – *Kapteinn Ofurbrók* – eftir Dav Pilkey.

Það voru nemendur 6. bekkjar sem voru viðstaddir 12. september þegar úrslit voru kynnt og einn úr hópnum hlaut verðlaun fyrir þátttökuna.

Ársskýrsla Bókasafns Dalvíkurbyggðar



Sumarlestur skólabarna. Eins og sumarið 2013 tóku nokkur börn þátt í sumarlestri. Þau fengu aðstoð við að velja sér bækur og gerðu sér bókaorm á netinu eða héldu áfram með orm frá árinu áður. Alls tóku 10 börn þátt í lestrinum einhvern hluta sumarsins.



Ársskýrsla Bókasafns Dalvíkurbyggðar

Sýningaskápur. Fjölbreyttar sýningar voru í sýningarskápunum sem nú var staðsettur inni í útlánasalnum. Jolanta starfsmaður bókasafnsins á allan heiður af uppsetningum sýninga í skápunum.

Janúar – Febrúar Sylvia Kuleza og Jolanta Piotrowska – sýning á listmunum.

Mars – Sýning á vettlingum eftir ýmsa prjónara sem íbúar lánuðu.

Apríl – maí. Sýning á leikskráum og myndum frá Leikfélagi Dalvíkur sem, varðveitt er á skjalasafni.

Júní – júlí. Sýning á frímerkjum úr safni Sigmars Sævaldssonar og fánum úr safni Júlíusar Júlíusarsonar sem varðveitt er á Skjalasafninu.

Ágúst – október – Göngur og réttir, bækur og textar um göngur og réttir

Desember – Sýning á jólaservíettum í eigu Rósu Þorgilsdóttur og jólakúlur sem Kristín Hjaltadóttir (Krilla) myndskreytir.



Safnkostur, aðföng og útlán

Safnkostur bókasafnsins í árslok 2014 var 29.246. Reynt var að grisja nokkuð en ljóst er að þörf er á mun meiri grisjun. Æskilegt væri að koma safnkostinum niður í 25.000. Talsvert var tengt af gömlu efni t.d. í safni Björgólfs Ólafssonar og eru þar núna tengd 1387 eintök aðallega íslenskar skáldsögur og ævisögur. Þau eintök eru ekki í tölum yfir aðföng.

Efnistegund	2013 – aðföng	2014 – aðföng	2014 - grisjun
Bók	1535	918	108
Hljóðbók	114	59	11
Innbundin tímarit	29	17	0
Tímaritshefti	516	405	111
Mynddiskar	18	38	1
Samtals	2212	1437	120

Safninu berast alltaf gjafaeintök frá vinveittum lánþegum og á árinu bárust safninu þannig 90 eintök aðallega eldri bækur sem hægt var að nota til að endurnýja eintök sem og nýlegar kiljur á ensku. Allt er þetta kærkomið og nýttist vel.

Ársskýrsla Bókasafns Dalvíkurbyggðar

Efnistegund	Eintakafjöldi 2013	Eintakafjöldi 2014
Bækur	23.687	25.101
Hljóðrit (Snældur, CD, MP3)	239	298
Myndrit (Myndbönd, DVD)	234	271
Tímarit	3043	3494
Annað	11	11
Samtals	27.214	29.276

Stór hluti safnkostsins er í geymslum safnsins í kjallara eða um 15.000 eintök. Gestir safnsins hafa verið hvattir til að kíkja í geymslurnar og velja þar safnefni og enn fremur hafa starfsmenn tekið upp safngögn og sett fram undir yfirskriftinni "Gullmolar úr geymslunni"

Enn bættist talsvert við af pólskum bókum bæði voru það gjafaeintök og eins kom pólskur starfsmaður safnsins með talsvert af bókum sem keyptar voru í ferð til Póllands. Pólskur safnkostur telur í árslok 188 eintök.

Virkir lánþegar í árslok voru 586 og hafði fjölgað um næstum 100 einstaklinga frá árslokum 2013. Fjölgun lánþega er yfir 20% en útlánum fjölgaði um rúmlega 14 % á milli ár. Það verður að teljast fréttæmt á tímum þegar flest bókasöfn finna fyrir minnkandi útlánum. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir fjölda lánþega og fjölda útlána og þróunina frá 2011

	2011	2012	2013	2014
Lánþegar	356	440	491	586
Útlán	15.126	13.881	15.990	18.267

Til að útskýra þessa gleðilegu þróun í fjölgun lánþega og aukningu á útlánum ber að geta þess að í upphafi ársins voru árgjöld lögð niður þannig að ekki er lengur gerður greinarmunur á lánþegum eftir aldri. Áður voru börn, unglingar og eldri borgarar með frí skírteini en aðrir aldurhópar þurftu að greiða árgjald. Um leið og árgjöld voru lögð niður tóku starfsmenn fyrir það að hægt væri að lána gögn á kort annars aðila. Þetta útskýrir að mestu leyti fjölgun lánþega. Fjölgun útlána er fylgifiskur þess að nýir lánþegar sáust á safninu og komust að því hvað það er þægilegt að fá lánaðar bækur, hljóðbækur og annað.

Bækur eru ennþá langvinsælasta útlánaefni safnsins en tímaritin sækja sífellt á. Einnig var talsverð aukning í útlánum DVD-diska. Eldri diskar eru ekki lengur leigðir, og vakin var athygli á útlánum á fræðsluefni ýmis konar. Hljóðbækur eru það form sem sárlega vantar meira af og útgefendur draga lappirnar. Það er mikil þörf fyrir slíkt efni og framboðið annar engan veginn eftirspurn.

Ársskýrsla Bókasafns Dalvíkurbyggðar

Hér má sjá töflu yfir útlánin 2013 og 2014

	Bækur	Hljóðbækur	Tímarit	Myndefni	Annað
2013	12.608	440	2.532	418	5
2014	14.141	569	2945	599	13

Útlán á það sem flokkast sem annað er fyrst og fremst útlán á lesbretti (rafbók) sem gerð var tilraun með til að kynna það form fyrir lesendum. Það má almennt segja að það er ekki biðlisti eftir að fá að prófa það, en brettið fór þó út að meðaltali einu sinni í mánuði.

Upplýsingaþjónusta fyrir ferðamenn

Bókasafnið gaf eftir hluta af húsnæði sínu fyrir aðstöðu upplýsingamiðstöðvar fyrir ferðamenn yfir sumarmánuðina maí – sept. Þá var sett upp sérstakt þjónustuborð fyrir upplýsingafulltrúa fyrir framan afgreiðsluborð safnsins.

Í samstarfi við Upplýsingamiðstöð ferðamála sáu starfsmenn bókasafnsins í jún - ágúst um að taka á móti ferðamönnum á tímanum frá kl. 8 – 13 eða þar til starfsmaður miðstöðvarinnar mætti til vinnu. Á sama hátt sá starfsmaður upplýsingamiðstövar um afgreiðslu á bókasafninu á laugardögum. Þetta voru mjög góð vinnuskipti og til hagsbóta fyrir báða aðila.



Fjölskylda frá Þýskalandi á ferð

Rekstraryfirlit árið 2014

Tekjur	- 364.350
Laun og launatengd gjöld	7.586.706
Vörukaup	3.728.747
<u>Þjónustukaup</u>	<u>11.214.912</u>
Samtals	22.166.015

Dalvík 22. febrúar 2015

Laufey Eiríksdóttir forstöðumaður

